

Minnispunktur

Fundur almannavarnanefndar Vesturlands

Fundartími: 2. mars 2021 kl. 12:00.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams.

Settur lögreglustjóri á Vesturlandi boðaði til fundarins 24. febrúar 2021.

Mætt eru:

Af hálfu lögreglustjórans á Vesturlandi:	Jón Haukur Hauksson settur lögreglustjóri Ásmundur Kr. Ásmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn Emil Sigurðsson starfsmaður almannavarna
Af hálfu Hvalfjarðarsveitar:	Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri
Af hálfu Akraneskaupstaðar:	Sævar Þránínsson bæjarstjóri
Af hálfu Skorradalshrepps:	Árni Hjörleifsson oddviti
Af hálfu Borgarbyggðar:	
Af hálfu Eyja- og Miklaholtshrepps:	Eggert Kjartansson oddviti
Af hálfu Snæfellsbæjar:	Kristinn Jónasson bæjarstjóri
Af hálfu Grundarfjarðarbæjar:	Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.
Af hálfu Helgafellssveitar:	
Af hálfu Stykkishólmsbæjar:	Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri
Af hálfu Dalabyggðar:	Kristján Sturluson sveitarstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar:	Jens Heiðar Ragnarsson, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Borgarbyggðar:	
Af hálfu Slökkviliðs Dalabyggðar:	Ívar Örn Þórðarson, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar:	Valgeir Þór Magnússon, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Snæfellsbæjar:	Svanur Tómasson, slökkviliðsstjóri
Af hálfu Brunavarna Stykkishólms og nágrennis	
Af hálfu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi:	

Jón Haukur setti fund, bauð fundarmenn velkomna.

1. Áhættuskoðun fyrir Vesturland.

Með fundarboði var dreift drögum að áhættuskoðun fyrir Vesturland 2020 sem starfsmaður nefndarinnar, Emil Sigurðsson, hefur unnið og leitt vinnu við.

Jón Haukur gefur orðið laust og spyr hvað vilja fundarmenn gera við áhættuskoðunina næst.

Linda Björk – Þakkar fyrir vinnuskjalið. Var búinn að skoða skjalið og er með ákveðnar breytingar í huga og óskar eftir að fá að senda inn athugasemdir og ábendingar. Spyr hvort ekki sé rétt að sveitarstjórar fái tækifæri til þess að senda inn athugasemdir.

Árni – Engar athugasemdir við skjalið.

Kristján – Telur rétt að sveitarstjórar fái að senda athugasemdir og vill fá tækifæri til þess að kynna þetta fyrir sveitarstjórnnum. Telur kannski hægt að minnka skjalið eða umfjöllun um fyrir atvik. Telur rétt að setja einhver tímamörk á fresti til athugasemda.

Kristinn – engar athugasemdir við skjalið.

Björg – Hefur ekki komist í að skoða þetta nákvæmlega. Telur að fjalla mætti ítarlegar um ákveðnar áhættur í Grundarfjarðarbæ. Vill að skoðað verði hvort fundarmenn vilji nota þetta skjal til þess að krefjast úrbóta.

Ívar – engar athugasemdir.

Jakob – Einstaka hlutir sem mætti bæta, t.d. að skemmtiferðaskip koma í Stykkishólm. Bendir á að ekki sé umfjöllun um heilbrigðisþjónustu í umdæminu eins og í eldri áhættuskoðunum.

Jens Heiðar – Engar athugasemdir að svo stöddu.

Tímafrestur til athugasemda – Verði komnar til Emils fyrir föstudaginn 12. mars nk. Verður síðan sent aftur til sveitarstjóra sem geta þá kynnt skjalið fyrir sínu fólki, t.d. bæjar-/byggðaráði eða bæjar-/sveitarstjórnarfundi.

2. Annað:

a. Viðbragðsáætlanir og starfsmaður almannavarnanefndar

Jón Haukur telur ljóst að uppfæra þurfi viðbragðsáætlanir. Vill að almannavarnanefnd hugsi hvernig skyldur sem á nefndinni hvíla verði uppfylltar.

Jakob spyr hvort eitthvað hafi breyst milli eldri áhættuskoðunar og núverandi vinnuskjals. Emil vísar til þess að vinnuskjalið sé uppfærsla á eldri áhættuskoðunum. Jakob segir ákveðinn vafa vera til staðar um hvaða verkefni eigi að heyra undir nefndina og hvað heyrir undir ríkið.

Sævar Freyr nefnir að varðandi hvort nefndin eigi að hafa starfsmann telji hann rétt að formleg tillaga komi frá lögreglu um það til SSV.

b. Jarðskjálftar á Reykjanesi og áhrif þeirra á Vesturland

Kristinn spyr um hvort séu til áætlanir ef rýma þarf höfuðborgarsvæðið og koma fólki fyrir á Vesturlandi. Jón Haukur nefnir að hægt sé að byggja á hópslysaáætlun að einhverju leyti.

Sævar spyr um áhrif á Vesturlandi ef stór skjálfti á sér stað á Reykjanesvæðinu. T.d. hægt að hugsa sér að sjúkrahúsið á Akranesi muni gegna hlutverki.

Kristinn spyr hvort rétt sé að starfsmaður almannavarnanefndar eigi að kanna hvort þetta.

c. Staðan á ráðningu nýs lögreglustjóra

Kristinn spyr hvort eitthvað sé að fréttu af ráðningu nýs lögreglustjóra. Jón Haukur sagði ráðningarferli enn í gangi og setning JHH hafi verið framlengd til 15. mars nk.

Fundi slitið kl. 13:02